



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. P 135/2342

komudagur 23.4.2008

Alþingi

Nefndarsvið  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 07. mars 2008  
Tilvísun: 2008020012

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tekjuskatt, breyting ýmissa laga, 325. mál.**

Alþýðusamband Íslands hefur þegar sent inn umsögn um mál 325. Í meðförum þingsins hafa orðið veigamiklar breytingar á frumvarpinu og vill ASÍ koma á framfæri frekari athugasemdum.

ASÍ leggst gegn þeirri breytingu að gera söluhagnað af afleiðusamningum sem seldir eru á skipulegum verðbréfamörkuðum, þar sem undirliggjandi verðmæti eru eingöngu hlutabréf.

ASÍ leggst gegn þeirri breytingu sem gerð er á 2. gr. frumvarpsins að opna fyrir það að kostnaður við öflun tekna sem undanþegnar eru skattskyldu geti verið dregnar frá öðrum tekjum. Þessi breyting þýðir með öðrum orðum að kostnaður sem fellur til við að afla tekna sem undanþegnar eru skattskyldu geta komið til frádráttar öðrum tekjum og lækkað þar með aðrar skattgreiðslur viðkomandi. Ætla má að þetta sé gert til einföldunar þar sem upphaflegt ákvæði bauð upp á mjög flókna skattframkvæmd. ASÍ varar eindregið við þessari breytingu og því fordæmi sem hún skapar. Ef sú leið sem lögð er til í upphaflegu frumvarpi er ekki talin framkvæmanleg eru það enn frekari rök gegn því að umræddur hagnaður sé undanþeginn skattlagningu.

Frumvarpinu er ætlað að hafa áhrif á skattskyldu lögaðila þegar á yfirstandandi ári. Það er aldrei æskilegt að gera slíkar breytingar með afturvirkum hætti. Fyrir slíkum afturvirkum breytingum, ef þær á annað borð eru gerðar, þurfa að vera veigamikil rök. Engin slík rök er að finna í frumvarpinu eða greinargerð þess.

ASÍ leggst því eindregið gegn þeirri breytingu að söluhagnaður lögaðila af hlutabréfum og afleiðum verði undanþeginn skattskyldu.

F.h. Alþýðusambands Íslands

Ólafur Darri Andrásson

Hagfræðingur ASÍ